

Landfræðileg gögn í ljósi upplýsingamiðlunar og varðveislu

Þorvaldur Bragason (thb10@hi.is), Guðrún Gísladóttir* og Sigrún Klara Hannesdóttir***

** Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands, ** Landsbókasafn/Háskólabókasafn*

Landfræðileg gögn eiga það sameiginlegt að sýna eða gefa upplýsingar um afmörkuð svæði eða staði á yfirborði jarðar, sem hægt er að skilgreina með landfræðilegri legu eða staðsetningarhnitum. Þessum gögnum má skipa í þrjá meginflokka: fjarkönnunargögn (loftmyndir og gervitunglamyndir), kortagögn (stafrænar landupplýsingar og kort) og aðrar stað- eða svæðistengdar tölulegar upplýsingar. Kort og loftmyndir hafa lengst af verið á hefðbundnu formi pappírs og filma, en með stafrænni tækni komu gervitunglagögn, landfræðileg upplýsingakerfi og staðsetningarkerfi til sögunnar. Nýir miðlar eins Veraldarvefurinn hafa verið nýttir hér á landi til birtingar landfræðilegra upplýsinga einkum í ýmsum vefsíðum, en án samræmdrar heildarstefnu. Það vantar heildaryfirsýn yfir þennan málaflokk og hvað varðar varðveislu og öryggismál gagnanna er einnig skortur á stefnu og yfirsýn. Nýrri tækni fylgja ýmis vandamál, þar á meðal varðveisla stafræns efnis. Pappír og filmur geymdar við bestu aðstæður geta átt nokkuð langan líftíma, en endingartími stafræns efnis er hins vegar tiltölulega stuttur. Gögnin eru dreifð og oft litið á þau fyrst og fremst eftir því í hvaða formi þau eru, s.s. útgáfur, tölvugögn, handrit eða skjöl, en minna hirt um inntak. Þar sem landfræðileg gögn hafa verið skráð er oftast byggt á reglum sem gilda um annars konar efni. Skrár eru sjaldan birtar um landfræðileg gögn utan þeirra stofnana sem varðveita þau og fátítt er að hægt sé að leita að þeim með því að slá inn hnit eða landfræðilega staðsetningu.

Markmið rannsóknarinnar er að fá skýra yfirsýn yfir þennan málaflokk á Íslandi, að flokka og skilgreina ólíkar gerðir og form landfræðilegra gagna sem safnað hefur verið hér á landi og greina varðveislu- og öryggismál þeirra. Bent verður á leiðir til þess að koma íslenskum landupplýsingum betur á framfæri á samræmdan hátt með markvissri skráningu lýsigagna og með veflausnum. Lokastig rannsóknarinnar verður að koma með tillögu að stefnu í söfnun, skráningu, birtingu og varðveislu landfræðilegra gagna á Íslandi.

Notaðar verða aðferðir Walfords (2001) við flokkun landfræðilegra gagna í meginflokka, en auk þess verða gögnin greind eftir því á hvaða formi þau eru. Í ljósi þess er hægt að taka ákvörðun um það hvernig beri að skrá gögn og koma upplýsingum um þau á framfæri. Unnið verður út frá hugmyndum Goodchilds (1998) um upplýsingamiðlun landfræðilegra gagna og hugmyndafræði Boxalls (2003) nýtt og útfærð í ljósi varðveislu og miðlunar (*Geolibraries, Geoportals, Metadatabases*). Gerð verður spurningakönnun annars vegar meðal aðila sem vinna með landfræðileg lýsigögn (*Spatial Metadata*) og hins vegar könnun á öryggismálum landfræðilegra gagna í helstu söfnum og stofnunum sem varðveita slík gögn.

Rannsóknin er á byrjunarstigi en henni er ætlað að kortleggja stöðu mála hér á landi til þess að heildarsýn fái á landfræðileg gögn á Íslandi. Þar með verður hægt að samræma skráningu og miðlun hjá ólíkum hópum og ná fram meiri skilvirkni og betra aðgengi. Í lokin verður gerð tillaga að stefnu um varðveislu frumgagna og yfirfærslu þeirra á stafrænt form. Með því vinnst hvort tveggja að frumgögn verða varðveitt og gögnin verða gerð aðgengileg svo hægt sé að koma þeim á framfæri á Netinu með mismunandi lausnum sem nýta landfræðileg lýsigögn.

Heimildir

Boxall, J. (2003). Geolibraries: geographers, librarians and spatial collaboration. *Canadian Geographer* 47(1), 18-27.

Goodchild, M.F. (1998). The Geolibrary. Í S. Carver (ritstj.) *Innovations in GIS* 5 (bls. 59-68). London: Taylor and Francis.

Walford, N. (2001). *Geographical data. Characteristics and sources*. West Sussex: John Wiley & Sons.